

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Ölfusi.

*Deiliskipulag, greinargerð og umhverfisskýrsla er varðar gerð sjóvarna á um 200 m kafla neðan golfvallar í Þorlákshöfn.*

Samkvæmt 23. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 7. október 2010 samþykkt deiliskipulag fyrir sjóvörn í Skötubót, neðan golfvallar. Umsögn Skipulagsstofnunar um tilkynningu og matskyldu, var afgreidd í bæjarstjórn 27. janúar 2011. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið nær til að reisa sjóvörn á um 200 m kafla í Kampinum austan nýja Austurgarðs, neðan golfvallarins. Ráðgert er að fjarlægja eystri garðinn úr smábátahöfninni og nýta efnið úr honum í sjóvörn undir dolosa (steinsteypt ankeri) sem raðað yrði þarna ofan á undirlagið. Framkvæmdin fellur undir 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, þar sem taldar eru upp þær framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Framkvæmdin er ekki matskyld. Tilgangur framkvæmdanna er að koma í veg fyrir frekari landbrot á svæðinu og að verja golfvöllinn í Þorlákshöfn fyrir frekari skemmdum. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Þorlákshöfn, 29. mars 2011.*

**Sigurður Jónsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 12. apríl 2011